

Fréttabréf ÍRA



1. ÁRGANGUR.

1. TÖLUBLAÐ.
MARZ 1979.

Ágæti félagi

Með þessu fréttabréfi „Íslenzkra radióamatöra“ er hafinn nýr þáttur í útgáfustarfsemi félagsins, sem vonast er til að beri tilætlaðan árangur. Á nýafstöðnum aðalfundi Í.R.A. kom fram nokkur gagnrýni á sambandsleysi milli almennra félaga og stjórnarinnar, en þessi gagnrýni hefur reyndar heyrzt all oft á undanförunum árum. Einkum þótti sýnt að félagar úti um land væru afskiptir. Því hefur verið ákveðið að reyna að halda þessu fréttabréfi gangandi mánaðarlega með ýmsum minniháttar fréttum, tilkynningum og öðru sem til fellur, en sjálfu blaði félagsins, „CQ-TF“ verði enn haldið úti í vandaðra formi og með meiri háttar greinum o.fl. undir ritstjórn Jónasar Bjarnasonar, TF3JB.



Öllum hlýtur að vera ljóst að útgáfa sem þessi stendur og fellur með þátttöku félaga, sem ég hvet til að senda bréfinu línur. Athugasemdir um útgáfunna., frásagnir af athyglisverðum sambömdum í loftinu og skilyrðunum, auglýsingar, minni háttar teikningar og tækjabreytingar, jafnvel stuttar gamansögur og að ekki sé minnzt á kveðskap, allt þetta og meira til væri kærkomið. Þá væri okkur mikill akkur í að heyra frá félögum úti um land og þeim fjölmörgu sem aldrei sjást á fundum félagsins, en greiða þó félagsgjaldið samvirkusamlega ár eftir ár.

Með von um góða samvinnu, 73&88. -TF3KX.

Aðalfundur Í.R.A. var haldinn í félagsheimilinu að Dugguvogi 1 þann 3. feb. sl. fer á eftir stuttur útdráttur af því sem þar gerðist.

Formaður, TF3AX, skýrði frá starfsemi síðasta árs. Gat hann þess að margir félagar hefðu unnið ötullega að uppbyggingu hins nýja aðseturs félagsins að undanförunu. Þá minntust menn þeirra TF3AW og TF3AP, sem fórust á sl. ári, með því að rísa úr sætum. Endurskoðaðir reikningar gjaldkera voru samþykktir. TF3AC gerði grein fyrir starfsemi QSL-þjónustunnar og TF3ANN greindi frá starfsemi pöntunarfélagsins, PIRA, en hvort tveggja gekk með ágætum á árinu. Gengið var til stjórnarkosninga og hefur hin nýja stjórn skipt þannig með sér verkum:

Formaður: Kristján Benediktsson, TF3KB.

Varaformaður: Jónas Bjarnason, TF3JB.

Ritari: Sigurður Jakobsson, TF3CW.

Gjaldkeri: Gísli Ófeigsson, TF3US.

Meðstjórnandi: Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB. Samþykkt var að útbúið yrði viðurkennirgarskjal og afhent TF3AC fyrir frábær störf að QSL-málum. Rætt var um blað félagsins, CQ-TF, og þörf á tíðari útkomu þess, en þó kom fram að þröngur fjárhagur félagsins vegna aðsetursskiptanna hafði valdið nokkru um lögð í blaðaútgáfu auk lítils framlags félaga til blaðsins

Pósthólf: Þar sem fjölmargir félagar eiga oft erindi í hólf sín í QSL-skápnunum, er ljóst að mikið fé sparaðist ef félagar leyfðu Í.R.A. að senda póst sinn s.s. fundaboð, blöð, fréttabréf o.þ. í hólf viðkomandi í stað þess að sjá eftir óþarflega miklum póstkostnaði t.d. innanbæjar. Við QSL-skápinum hefur nú verið settur þar að lútandi listi og eru félagar hvattir til að skrá sig á hann ef þeir sjá sér fært eða hafa samband við einhvern stjórnmanna.

"ARRL International DX Competition" er nú í marz sem hér segir:

- Tal: 00:01GMT 3.marz til 23:59GMT 4..marz.

-Morse: 00:01GMT 17.marz til 23:59GMT18.marz.

-Takmark: að hafa sambönd við sem flestar W/VE-stöðvar.

-Sent er RS(T) og að auki tala sem gefur til kynna inngangsafll, t.d. TF3LJN:539005 (eða 539TT5 til styttingar) og TF-3IRA: 57200.

-Nota á (eða hreinskrifa á-) dagbókarblöð frá ARRL, sem þarf þá að panta, nema þá að einhver þeirra amatöra sem eru virkastir lúri á eintaki til ljósritunar. Tæmandi reglur eru í QST, Jan. 1979.

Í loftinu: Sýnishorn úr radíódagbók TF3YH, tölurnar tákna GMT.

80m: CW: VP2VI 0440 ,EA20P(.0120),EA8CR(0050),GD4BEG(0400),UF6FAL(0210).

SSB: PJ2FR 0510 ,D4CBS(2310).EA8CR(2300).4Z4DX(2320).

40m: CW: D4CBS 0010 ,V060NT(0130),EA8CR(0000),4Z4DX(0010),VP2DD(0240).

SSB: EA8CR 2330 .

20m: CW: LU8DQ 2300 ,9A0A(0050),HS1ABD(1610).VK3AE(1120).FC9UC(1640).

SSB: 8Q7AF 1855 ,KG6JJY(1926),EA8CR(2330),VP8SU(2140; ,AP2FI(0350).

15m: CW: SV8IM 1810 .4Z40L(1750).EA8CR(0030),FC9VN(1510),VK6HD(1250).

SSB: GJ4HSW(1940),HR0QL(2010),ZS6N(1930),9K2BE(1940) 6W8DY(1830).

10m: CW: JHIBBT o.fl.(2330),KL7MF(2350).

SSB: JHIBBT o.fl.(2320),KL7GEY(2320),HI8JAF(2020),YV5EF(1700).



FRÉTTABRÉF Í.R.A.

Útg.: Íslenzkir radíóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 101 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. og ábm.: Kristinn Andersen (TF3KX), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3KX, pósthólf 1058, 101 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers man. fyrir næstu útg.

Seljum í stykkjatölu alls konar rafeindaefni, eins og:

Viðnám, þétta, díóður, transistora, dvergrásir, spenna og margt fleira.

Einnig vörur frá JOSTY KIT, eins og:

Dimmer AT 357,

2 Amper snertistilli,

Ljósashow AT 468, 4x2 Amper,

Spennubreyti NT 300, 2 Amper 3-30 volt.

-Íslenzkur verð- og vörulisti.

-Sendum í póstkröfu.

☒ SAMEIND HF.

GRETTISGATA 46 PÓSTHÓLF 7150 127

REYKJAVÍK SÍMI 91-21366 NAFNNR. 7472-8014